



## FUNDARGERÐ

Rafrænn hluthafafundur Origo hf. fimmtudaginn 1. desember 2022, kl 14:00

### Dagskrá

1. Tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.
2. Önnur mál.

Formaður stjórnar, Hjalti Þórarinsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans var að Gunnar Sturluson, yrði skipaður fundarstjóri og bærust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Gunnar Petersen yrði kjörin fundarritari og ekki bærust athugasemdir við þá tillögu.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 8. nóvember s.l. auk auglýsingar á heimasíðu Origo þann sama dag. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru. Mætt var á fundinn fyrir um 73,14% af virku hlutafé.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Þá voru forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins viðstödd fundinn.

Gengið var til dagskrár:

#### 1. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn Origo hf. leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun á hlutafé félagsins og greiðslu til hluthafa:

„Hluthafafundur Origo hf., haldinn 1. desember 2022 samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 24.000.000.000. Lækkun hlutafjár fer fram á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nafnverð hlutafjár lækkar um kr. 295.000.000 en lækkunarfjárhæð sú sem umfram er, alls kr. 23.705.000.000, verður færð til lækkunar af öðrum eiginfjárreikningum.

Verði tillagan samþykkt mun kauphöll verða tilkynnt með sérstakri tilkynningu um framkvæmd lækkunar hlutafjár, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Er lækkunin háð þeim fyrirvara að félaginu verði veitt undanþága frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Verður greiðsla innt af hendi eins fljótt og unnt er eftir að þeim fyrirvara hefur verið fullnægt.“

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundur verður fjárhæð nafnverðs hlutafjár félagsins samkvæmt samþykktum breytt til samræmis, þannig að grein 2.1 í samþykktum félagsins hljóði eftirleidis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 140.000.000.“

Stjórnarformaður félagsins rakti forsögu tillögunnar, einkum sölu félagsins á eignarhlut félagsins í Tempo ehf. Því næst tók forstjóri félagsins við og greindi frá áætlun félagsins um stofnun Menntasjóðs Origo.

Var tillagan því næst borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 2. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarmönnum var boðið að hlýða á upplestur fundargerðar. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl 14:21.

Gunnar Sturluson  
Fundarstjóri

Gunnar Petersen  
Fundarritari

DocuSigned by:  
*Gunnar Sturluson*  
1B5AED03E4A2412...

DocuSigned by:  
*Gunnar Petersen*  
80743FF8329D43F...